

Hrafnkell Lárusson

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns
Austfirðinga

2008

8

Árið 1914, þann 11. dag ágústmánaðar
vísitasti prófasterum í Nordurnmíla prófastsdæmi
Kirkjuna í Möðrudal sáukvæmt undanþingum bostan
(Kirkjan er timburhús, byggð 1894.) ^{8. d. af 1. d. í sönnun vegna} Hinn er stór-
leg, en þak er ljúgt og lekur. Hinn er lítt
máluð ^{innan og ómáluð utan} hin úr góð. Þarf að gera
við þak hennar og mála hana utan og innan.
Í skrifum á hún ríttelur, hökul og altarisblönd, sem
getið er í vísitastu 1858, og er allt nokkuð fýrnt en
má vel nota. Altarisstjaba 2 á hinni dögðu, sem
getið er í sönn vísitastu, 200 og kateik og þakinn í hinni.
Kirkjngarðurinn er allur ómíttur og ógríp-
keldur og enginn dyraumbeinadur í sálutíði.
Sönnunefndin er áminnt um að láta byggja
gárdinn sönnunalega sem fyrst. Í graffót-
um á kirkjan Hrafnkell helegur, en armars hefur
statarhaldari graffót, þegar á þarf að halda.
Börn mættu engin til yfirlýgðu.
Einar Jónsson H. Lárusson

Vísitasía
Möðrudalskirkju

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fulltrúaráð og stjórn.....	4
Starfsfólk og opnunartími.....	5
Rekstur.....	6
Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni.....	7
Sýningar, útgáfustarf o.fl.....	10
Ljósmyndasafnið.....	12
Bókasafnið.....	13
Lokaorð.....	14
Skrá yfir afhendingar á árinu 2008	

Forsíðumynd:

Reyðarfjörður um 1940. Sér yfir Ósmel og Bakkagerðiseyri.
Nær eru gömlu brýrnar yfir Búðará og flóðgarðurinn.
Fremst til hægri er fjós Þorsteins Jónssonar kaupfélagsstjóra.

Inngangur

Í upphafi árs 2008 hóf starfsfólk héraðsskjalasafnsins, með skipulegum hætti, að telja gesti sem komu í safnið. Fram til þessa hafði gestabók safnsins verið eina örugga heimildin um fjölda gesta en starfsfólki var ljóst að mikill misbrestur var á að allir gestir safnsins skráðu nöfn sín í gestabókina. Því gáfu þær upplýsingar sem gestabókin veitti ekki rétta mynd af raunverulegum gestafjölda. Talning gesta hefur farið þannig fram að starfsfólk heldur saman fjölda gesta hvern dag og forstöðumaður safnsins skráir gestafjölda í lok dags. Auk gesta hefur með sama hætti verið haldið utan um fjölda erinda sem safninu bárust í síma og tölvupósti auk þess sem fjöldi skjala- og myndbeiðna er skráður. Niðurstaða talningarinnar í árslok var sú að alls komu 1.797 gestir í safnið á árinu, 455 erindi bárust og 355 skjala- og myndbeiðnir.

Í gestabók skráðu nöfn sín alls 288 gestir á öllu árinu 2008. Þessi mikli munur á gestafjölda sem starfsfólk telur og þeim sem rita nöfn sín í gestabók sýnir ótvírætt að sú ályktun starfsfólks var á rökum reist að einungis lítill hluti gesta ritaði nöfn sín í gestabókina. Utan við gestatölu ársins eru svo vel á fjórða hundrað gesta sem sóttu einstaka atburði í safnahúsinu (sumarfagnað á sumardaginn fyrsta, hátíðahöld á Þjóðhátíðardaginn, Steinsvöku, jólaskemmtun og bókavöku).

Af einstökum mánuðum komu flestir gestir í safnið í október, alls 272, en fæstir í september, alls 105. Á árinu komu allmargir skólahópar í heimsókn í safnið og losar fjöldi slíkra gesta alls um 300 manns. Skólahópar sem koma í safnahúsið sækja jafnan fleiri en eitt safn. Slíkir hópar er oftast annað hvort nemendur leik- eða grunnskóla, en of lítið er um heimsóknir frá framhaldsskólunum á svæðinu.

Fjarnemar sækja safnið í töluverðum mæli og eru þeir flestir að leita heimilda í bókum eða tímaritum, en sumir þó einnig í skjölum. Leitast hefur verið við að kaupa til bókasafnsins efni sem nýtist fjarnemum. Um tugur fræðimanna/háskólastúdenta dvaldi í safninu í lengri eða skemmri tíma á árinu við rannsóknarvinnu. Standa slíkar rannsóknardvalir að jafnaði í viku hjá hverjum og einum.

Allnokkuð af ýmsum gögnum, bæði ljósmyndum og skjölum, barst safninu á árinu. Afhendingar voru alls 49 talsins, þar af voru 10 myndaafhendingar. Um var að ræða fjölbreytt efni. Má þar nefna afhendingu verslunarbóka frá Kaupfélagi Héraðsbúa, skil ýmissa gagna sveitarfélaga o.s.frv. Ein stærsta einstaka skjalaafhending ársins kom þó frá einstaklingi. Indriði Gíslason frá Skógargerði afhenti alls 24 möppur með margvíslegu efni sem að töluverðu leyti safnaðist til hans er hann vann að ritun Skógargerðisbókar.

Fulltrúaráð og stjórn

Sveitarfélag	Aðalmaður	Varamaður
Vopnafjarðarhreppur	Ólafur B. Valgeirsson	Þorsteinn Steinsson
Fljótisdalshreppur	Sigmar Ingason	Sólveig Ólafsdóttir
Fljótisdalshérað	Sævar Sigbjarnarson	Ragnhildur Benediktsdóttir
Borgarfjarðarhreppur	Björn Aðalsteinsson	Kristjana Björnsdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður	Ólafur Hr. Sigurðsson	Vilhjálmur Jónsson
Fjarðabyggð	Magnús Stefánsson	Smári Geirsson
Breiðdalshreppur	Páll Baldursson	Anna Margrét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur	Ólafur Eggertsson	Guðrún Sigurðardóttir

Þann 9. desember 2008 var aðalfundur fulltrúaráðs héraðsskjalasafnsins haldinn í Gamla kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík. Á þann fund mættu allir fulltrúar auk Hrafnkels Lárussonar forstöðumanns héraðsskjalasafnsins. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og var sitjandi stjórn endurkjörin óbreytt til næsta aðalfundar. Sú breyting varð á varastjórn að Páll Baldursson tók þar sæti í stað Ólafs Hr. Sigurðssonar.

Formaður: Björn Aðalsteinsson
Varaformaður: Magnús Stefánsson
Ritari: Ólafur Eggertsson

Meðstjórnendur: Sævar Sigbjarnarson
Ólafur Valgeirsson

Varamenn: Sigmar Ingason
Páll Baldursson

Sigmar Ingason bauð að næsti fulltrúaráðsfundar verði haldinn í Fljótisdal að ári. Var það boð þegið með þökkum.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu (11. febrúar, 8. maí, 28. október og 9. desember). Fundargerðir þeirra allra sem og aðalfundar fulltrúaráðsins má sjá á vefsíðu safnsins: www.heraust.is Þar er jafnframt að finna töluvert af eldri fundargerðum.

Starfsfólk og opnunartími

Fastir starfsmenn héraðsskjalasafnsins voru þrír á árinu, samtals í 2,75 stöðugildi.

Hrafnkell Lárusson tók við sem forstöðumaður héraðsskjalasafnsins (100% starf) í ársbyrjun en hann var ráðinn í október 2007. Hann sinnti einkum almennum stjórnunarstörfum og starfsmannahaldi, var ábyrgur fyrir daglegum rekstri safnsins, sinnti ráðgjöf við fyrirtæki og stofnanir og hafði umsjón með Bókasafni Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Aðrir fastir starfsmenn safnsins á árinu voru Arndís Þorvaldsdóttir (75% starfi). Hún sinnti einkum almennum afgreiðslustörfum og tölvuskráningu skjala og hafði auk þess umsjón með Ljósmyndasafni Austurlands. Guðgeir Ingvarsson (í 100% starfi) starfaði einkum við skráningu skjala fyrir Fjarðabyggð samkvæmt samningi sem gerður var síðla árs 2006. Hann sinnti einnig afgreiðslu erinda.

Fjórir starfsmenn voru ráðnir til safnsins á árinu til að sinna tímabundnum verkefnum.

Árni Vigfús Magnússon og Nicole Zelle voru ráðin frá 1. mars til að sinna skráningu manntala, samkvæmt verksamningi við Þjóðskjalasafn Íslands. Árni var í fullu starfi (100%) til ársloka en Nicole var í hálfu starfi (50%) til 1. september en fékk þá fullt starf (100%) til ársloka. Hulda Sigurdís Þráinsdóttir var ráðinn í hlutastarf (30%) við afgreiðslu erinda og skjalaskráningu frá 15. september til 31. október. Kom ráðning hennar til vegna forfalla Arndísar Þorvaldsdóttur sem var frá vinnu frá 16. ágúst til októberloka vegna slyss. Arndís sneri aftur til vinnu 3. nóvember. Beata Fabian starfaði við safnið (í 100% starfi) í nóvembermánuði við framkvæmd endurskipulagningar bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar. Hún starfaði undir umsjón forstöðumanns. Vinnumálastofnun greiddi helming launa Beötu.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að halda starfsmannafundi fastra starfsmanna safnsins. Þrír starfsmannafundir voru haldnir á árinu (í janúar, apríl og nóvember). Á þeim fóru starfsmenn yfir stöðu yfirstandandi verkefna og ræddu um þau sem væru framundan.

Safnið var opið alla virka daga ársins. Ekki var ráðið fólk til sumarafleysinga heldur skiptust starfsmenn á að fara í frí. Formlegur opnunartími safnsins var frá kl. 12.00–18.00 alla virka daga. Safnið er þó í raun jafnan opið frá kl. 9.00.

Rekstur

Safnið var rekið með 14.933,- króna tapi árið 2008. Niðurstöður ársreiknings voru því sem næst þær sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Framlög sveitarfélaganna voru alls 17.128.999,- krónur á árinu, sem var samkvæmt fjárhagsáætlun. Önnur rekstrarframlög voru 1.739.500,- sem er tæpum 200.000,- meira en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (1.543.000,-). Skýrist sá munur einkum af herra framlagi frá ríkinu en gert hafði verið ráð fyrir. Styrkir og aðrar tekjur voru hins vegar aðeins 206.279,- en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að inn á þann lið kæmu alls 1.142.000,-. Skýrist þessi munur af því að gert var ráð fyrir að tekjur vegna skjalaskráningarverkefnis fyrir Fjarðabyggð yrðu færðar á þennan lið.

Alls voru rekstrartekjur krónur 19.074.778,-

Gjaldaliðir rekstrarreikningsins voru nokkuð frábrugðnir því sem fjárhagsáætlunin hafði gert ráð fyrir. Skýrist einkum það af tilkomu manntalskráningarverkefnisins sem ekki var vitað um við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008. Í rekstrarreikningi ársins eru laun og launatengd gjöld krónur 10.197.772,- sem er um tveimur milljónum lægri upphæð en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (12.201.000,-). Þarna koma til greiðslur vegna manntalskráningarverkefnisins sem færðar eru sem endurgreiðslur á launakostnað en einnig launakostnaður sem færður er á ljósmyndasafnið. Rekstur húsnæðis var 1.114.827,- sem er lítið eitt hærri upphæð en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir (1.050.000,-). Framlög safnsins voru alls krónur 3.234.134,- sem er rúmum 200.000,- herra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (3.027.500,-) og skýrist sá munur af því að meiru var varið til bókasafnsins en áætlunin gerði ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var 3.800.945,- sem er rúmri einni milljón króna hærri kostnaður en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (2.713.000,-). Þar vegur þyngst hækkun lífeyrisskuldbindingar um 561.000,-. Einnig var aðkeypt sérfræðiaðstoð 115.247,- krónum hærri en ráð var fyrir gert og 157.409,- krónum var varið umfram áætlun í kaup á áhöldum og búnaði. Eru síðartöldu hækkarnir óbeinar afleiðingar af því aðhaldi sem viðhaft var í rekstri safnsins á árinu 2007.

Alls voru rekstrargjöld krónur 19.175.174,-

Vaxtatekjur voru alls krónur 290.143,- sem er rúmum 200.000,- herra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (80.000,-). Vaxtagjöldin voru krónur 204.680,- sem er lítið eitt herra en búist var við (190.000,-).

Tekjur eftir fjármagnsliði voru krónur 85.463,-

Skömmu fyrir árslok var lokið við að greiða upp skuldabréf hjá Kaupþingi banka sem safnið tók árið 2006 vegna rekstrarerfiðleika sem það átti þá í. Var umrætt skuldabréf gert upp þremur árum fyrr en ráð var fyrir gert og sparar safnið sér þannig vaxtakostnað sem annars hefði fallið á það á árunum 2009, 2010 og 2011.

Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni

Samkvæmt venju fór drjúgur hluti af tíma fastra starfsmanna héraðsskjalasafnsins á árinu í vinnu við skráningu skjala- og ljósmynda sem borist hafa safninu. Viðamest af slíkum verkefnum var skjalaskráning fyrir Fjarðabyggð sem staðið hefur síðan síðla árs 2006. Því viðamikla verkefni var að mestu lokið við árslok. Afgreiðsla erinda, aðstoð við safngesti og almennur rekstur taka drjúgan hluta starfstíma fastra starfsmanna. Safnið sinnir einnig eftirliti og ráðgjöf varðandi skjalavörslu og var töluvert um að vera á því sviði á árinu þar sem bæði Fljótaldalshérað og Fjarðabyggð stóðu þá í vinnu við innleiðingu nýrra skjalakerfa. Ekki verður hér eytt lengra máli í reglubundna starfsemi safnsins heldur greint frá nokkrum af stærstu verkefnum þess á árinu.

Verkefni við skráningu manntala

Í janúar hafði Eiríkur Guðmundsson, sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs Þjóðskjalasafns Íslands, samband við forstöðumann héraðsskjalasafnsins. Erindið var að kanna áhuga á þátttöku héraðsskjalasafnsins í viðamiklu skráningarverkefni sem Eiríkur er í forsvari fyrir. Verkefnið var tilkomið vegna fjárframlags frá ríkinu. Um var að ræða hluta af fjármunum sem ætlað var að mæta afleiðingum samdráttar í þorskveiðum, sem ákveðinn var haustið 2007. Það verkefni sem hér um ræðir snýst um skráningu manntala í gagnagrunn hjá Þjóðskjalasafni.

Héraðsskjalasafnið ákvað að taka þátt í verkefninu og voru tveir starfsmenn ráðnir (Árni Vigfús Magnússon og Nicole Zelle – í eitt og hálf tölubúgildi fram til 1. september en eftir það í tvö tölubúgildi) og tóku þeir til starfa 1. mars. Alls bárust 13 umsóknir um störfin. Hluti af vinnu við verkefnið fellur á forstöðumann héraðsskjalasafnsins og hefur hann þurft að verja hluta síns vinnutíma (ca. 20%) í verkstjórn og umsjón verkefnisins hér á staðnum. Þjóðskjalasafn greiðir fyrir vinnu skráningarfólksins samkvæmt verksamningi milli safnanna en einnig greiðir Þjóðskjalasafn fyrir vinnuframlag forstöðumanns. Þjóðskjalasafn lagði jafnframt til tvær tölur sem starfsmenn nota við skráninguna. Tvö önnur héraðsskjalasöfn (í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki) hafa tekið þátt í þessu sama skráningarverkefni. Er gert ráð fyrir að það standi til ársloka 2009.

Bætt þjónusta

Í upphafi árs var lokið við að endurnýja tölvukost fastra starfsmanna héraðsskjalasafnsins en þá var fjárfest í nýrri tölvu fyrir forstöðumann safnsins.

Safnið opnaði nýja vefsíðu þann 1. maí. Nýja vefsíðan leysti af hólmi eldri síðu safnsins sem tekin var í notkun árið 2000 og var fyrir löngu orðin úrelt, bæði þung í vöfum og bauð upp á takmarkaða möguleika. Nýja vefsíðan var unnin af fyrirtækinu Austurneti ehf. sem samhliða vann nýja vefsíðu fyrir Minjasafn Austurlands.

Helsta markmiðið með nýju vefsíðunni er að miðla upplýsingum og fróðleik enda internetið fyrir löngu orðinn helsti vettvangur upplýsingaleitar fólks hér á landi, líkt og víðar í heiminum. Á vefsíðunni gefur að líta fréttir úr starfi safnsins, tilkynningar um

viðburði, pistla um efni tengd starfi safnsins auk almennra upplýsinga um safnið og starfsemi þess. Einn mikilvægasti þáttur síðunnar snýr þó að ljósmyndasafninu en frá opnun hefur vefsíðan verið nýtt sem vettvangur fyrir myndasýningar. Nýja vefsíða héraðsskjalasafnsins hefur sömu veflóð og hin eldri, en hún er www.heraust.is

Leitast var með ýmsu móti við að bæta þjónustu við gesti á árinu. Einn stærsti liðurinn í þeirri viðleitni var að komið var upp þráðlausu netsambandi fyrir gesti í safnrými héraðsskjalasafnsins. Nýja vefsíðan hefur einnig verið veigamikill liður í bættri þjónustu, t.d. með því að gera aðgengilegar fyrir almenning margvíslegar upplýsingar, og er stefnan að nýta hana markvisst í þeim tilgangi.

Kynningarstarf og upplýsingaöflun

Forstöðumaður lagði mikla áherslu á kynningarstarf á árinu, bæði að kynna safnið og starfsemi þess sem og að kynna sér starfsemi annarra skjalasafna. Í þeim tilgangi sótti forstöðumaður heim forsvarsmenn allra sveitarfélaga sem tilheyra byggðasamlaginu um rekstur héraðsskjalasafnsins og ræddi við þá um safnið og samskipti sveitarfélaganna við það. Þessari kynningu lauk svo með því að forstöðumaður boðaði forsvarsmenn sveitarfélaganna á kynningarfund í héraðsskjalasafninu í lok september. Var sá fundur vel sóttur og gagnlegur.

Í byrjun apríl hélt forstöðumaður norður í land. Þar kynnti hann sér starfsemi héraðsskjalasafnanna á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki. Á árinu heimsótti forstöðumaður einnig skjalasöfnin í Neskaupstað, Höfn í Hornafirði, Selfossi og Ísafirði. Voru allar þessar heimsóknir afar fróðlegar og öfluðust þar ýmsar upplýsingar sem nýtast munu í starfsemi safnsins í framtíðinni.

Forstöðumaður mætti nokkrum sinnum á árinu í viðtöl, bæði í svæðisútvarpinu og á Rás 1, til að segja frá einstökum verkefnum safnsins eða til að kynna atburði í safnahúsinu. Um starfsemi safnsins á árinu hefur einnig verið fjallað í prentmiðlum. Í hausthefti tímaritsins Sögu birtist undir liðnum „skjalaskápurinn“ umfjöllun um lækningabækur í héraðsskjalasafninu, var sú umfjöllun tekin saman af forstöðumanni að beiðni ritstjóra Sögu.

Fundir og ráðstefnur

Í lok janúar var Rannsóknþing Austurlands haldið í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Það var Þekkingarnet Austurlands sem stóð fyrir þinginu. Forstöðumaður héraðsskjalasafnsins sótti þingið fyrir hönd safnsins.

Um miðjan apríl sóttu Guðgeir og Hrafnkell ársfund Austfirskrar upplýsingar sem haldinn var á Djúpavogi. Var fundurinn óvenjuveglegur þetta árið enda 10 ár liðin frá því að austfirsk bókasöfn stóðu að stofnun samtakanna. Samhliða fundinum var haldið námskeið í bókaviðgerðum.

Í september sótti forstöðumaður árlegan fund skjalavarða, en hann var haldinn í Stykkishólmi. Aðalræðuefni fundarins var úttekt á starfsemi héraðsskjalasafnanna í landinu sem unnin var að undirlagi Þjóðskjalasafns. Vegna úttektarinnar kom Þorsteinn

Tryggvi Másson starfsmaður Þjóðskjalasafns í heimsókn í héraðsskjalasafnið um miðjan ágúst. Hann kynnti sér aðstæður í safninu og fór yfir spurningalista með forstöðumanni. Í sömu ferð sótti forstöðumaður, fyrir hönd Ljósmyndasafns Austurlands, safnaskóla Félags safna og safnmanna, en hann var haldinn á Ísafirði. Í þessari ferð notaði forstöðumaður tækifærið og heimsótti héraðsskjalasöfnin á Höfn, Selfossi og Ísafirði.

Ýmis verkefni safnsins

Í maí tók sveitarfélagið Fljótsdalshérað í notkun nýtt skjalavistunarkerfi (One system) og samþykkti forstöðumaður héraðsskjalasafnsins nýjan málalykil Fljótsdalshéraðs. Hann gildir í eitt ár en verður endurskoðaður að þeim tíma liðnum. Um svipað leyti voru skjalamál sveitarfélagsins Fjarðabyggðar til endurskoðunar. Njörður Sigurðsson starfsmaður Þjóðskjalasafns kom austur vegna þessa og átti forstöðumaður héraðsskjalasafnsins fundi um skjalamálin með forsvarsmönnum Fjarðabyggðar. Forstöðumaður samþykkti í lok ágúst nýjan málalykil fyrir Fjarðabyggð.

Um miðbik ársins fór Gísli Sverrir Árnason um Austurland á vegum AFLs starfsgreinafélags. Tilgangur ferðar Gísla Sverris var að grafast fyrir um hvað skjalasöfn félaganna sem mynda AFL og forvera þeirra væru niðurkomin. Dvaldi hann nokkrum sinnum í héraðsskjalasafninu vegna þessarar vinnu. Niðurstöður úttektar sinnar kynnti Gísli Sverrir á skilafundi sem haldinn var í Gistihúsinu á Egilsstöðum í október. Þann fund sótti forstöðumaður héraðsskjalasafnsins. Kom þar fram ákveðinn vilji forsvarsmanna AFLs að skjölum verkalýðsfélaganna verði komi til viðkomandi héraðsskjalasafna (í Neskaupstað, Egilsstöðum og Höfn).

Nokkur hreyfing komst á framtíðaruppbyggingu safnahússins á árinu og var starfshópur starfandi vegna þessa. Forstöðumenn safnanna í safnahúsinu unnu þarfgreiningu í samvinnu við starfshópinn. Var niðurstaða þeirrar vinnu send arkitekt hússins seint á árinu.

Þröngt er orðið í geymslum safnsins og fór töluverð vinna á árinu í endurskipulagningu þeirra. Flutt hafa verið úr geymslum safnsins gögn sem þar voru vistuð fyrir aðra. Verulegur árangur hefur náðst við að skapa meira pláss í geymslunni í Laufskógum 1 en mikið starf er þó enn óunnið í þessum efnunum svo geymslurnar komist í viðunandi horf.

Á árinu voru hljóðrit í vörslu safnsins sem varðveitt hafa verið á mini-diskum flutt yfir á geisladiska. Var það verk framkvæmt af starfsmanni Miðstöðvar munnlegrar sögu.

Sýningar, útgáfustarf o.fl.

Í safnahúsinu er sem fyrr lögð áhersla á lifandi starf og hefur skapast sú hefð að söfnin í húsinu starfi saman að ýmsum verkefnum á því sviði, bæði árvissum sem og tilfallandi. Dæmi um slík verkefni eru árviss hátíðahöld á Þjóðhátíðardaginn og á sumardaginn fyrsta.

Sýningar, viðburðir og hátíðahöld

Fyrri hluta árs var í anddyri á jarðhæð safnahússins sýning á vegum Ljósmyndasafns Austurlands á myndum sem fengnar voru að láni frá ljósmyndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

Héraðsskjalasafnið tók að vanda þátt í hátíðahöldum í safnahúsinu í tilefni af sumardeginum fyrsta og þjóðhátíðardeginum 17. júní. Þessir viðburðir þóttu takast vel og voru hátt í hundrað skráðir gestir (samkvæmt gestabók minjasafnsins) á þeim báðum, en gera má ráð fyrir að gestir hafi þó í raun verið nokkuð fleiri. Að venju voru hátíðahöld þessara tveggja daga að mestu á forræði minjasafnsins þó héraðsskjalasafnið og Bókasafn Héraðsbúa tækju virkan þátt.

Ætlunin var að framlag héraðsskjalasafnsins til safnanætur Ormsteitis þetta árið yrði (líkt og árið 2007) ljósmyndasýning í Power point formi. Yfirskrift sýningarinnar var Bæjarhátíðir og íþróttaviðburðir. Yfirskriftin fangar meginþættina í efni sýningarinnar þó annarskonar myndefni hafi einnig slæðst með. Því miður varð að fella sýninguna niður vegna forfalla þeirra starfsmanna sem áttu að sjá um hana.

Héraðsskjalasafnið tók ekki með beinum hætti þátt í Norræna skjaladeginum 8. nóvember en þema hans voru *Gleymdir atburðir*. Ekki var því um formlega dagskrá að ræða í héraðsskjalasafninu á skjaladeginum heldur var fólki boðið að koma og kynna sér starfsemi safnsins og skoða sýnishorn af safnkosti þess. Þetta var jafnframt framlag héraðsskjalasafnsins til vetrarhátíðarinnar *Daga myrkurs*.

Sunnudagkvöldið 12. október var haldin í anddyri á jarðhæð safnahússins svokölluð Steinsvaka. Var hún haldin til að minnast þess að þann 13. október voru 100 ár liðin frá fæðingu ljóðskáldsins Steins Steinarr. Boðið var upp á dagskrá sem var sambland af ljóðum skáldsins og ýmsum atriðum úr lífshlaupi hans. Dagskrána fluttu ljóðskáldið Ingunn Snædal og Hrafnkell Lárusson forstöðumaður héraðsskjalasafnsins. Um 25 gestir sóttu þennan viðburð.

Að kvöldi 4. desember var haldin bókaþak í safnahúsinu. Bókaþakinn var endurreist eftir hlé og mælist það framtak vel fyrir en um 40 manns mættu og var stemmingin góð. Eingöngu var fjallað um austfirskar bækur á bókaþökunni enda ærin ástæða til þar sem Austfirðingar voru einkar athafnasamir við bókaútgáfu á árinu. Fjórir höfundar mættu og lásu úr verkum sínum á bókaþökunni en alls var fjallað um vel á annan tug austfirskra bóka sem komu út á árinu.

Þann 6. desember var hin hefðbundna jólagleði haldin í safnahúsinu, var hún vel sótt og er talið að vel á annað hundrað manns hafi komið í safnahúsið vegna hennar.

Útgáfustarf

Þeirri hefð að safnið gefi út jólakort var að vanda viðhaldið. Þetta ár var myndin á kortinu af Hrafnkeli A. Jónssyni fyrrum forstöðumanni Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Var það samdóma álit starfsfólks héraðsskjalasafnsins að við hæfi væri að heiðra minningu Hrafnkels með þessum hætti. Guðgeir Ingvarsson ritaði ævíágrip Hrafnkels sem birtist í kortinu.

Þess má einnig geta að á árinu kom út bókin *Þræðir – Hrafnkell A. Jónsson foringi og fræðimaður*. Bókin er greinasafn sem hefur að geyma greinar um Hrafnkel A. Jónsson, ævi hans og störf, en einnig greinar sem Hrafnkell ritaði. Ritstjórar bókarinnar voru Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Smári Geirsson. Stór hluti vinnu við bókina fór fram í húsnæði héraðsskjalasafnsins og tók starfsfólk safnsins virkan þátt í því starfi.

Ljósmyndasafnið

Ljósmyndasafnið hefur verið mjög áberandi á vefsíðu héraðsskjalasafnsins eftir að hún opnaði. Þar voru settar inn fjórar myndasýningar á árinu, hver með 20-30 myndum og textum við hverja mynd.

Fyrsta myndasýningin á vefsíðunni bar einfaldlega heitið *Opnunarýning* og birtist hún þegar heimasíðan var opnuð. Opnunarýningunni var ætlað að sýna þversnið af safnkosti ljósmyndasafnsins. Önnur sýning ársins bar heitið *Sumarsýning* og var hún sett á vefinn í júní. Þema hennar var, eins og nafnið ber með sér, sumarið og voru myndirnar á sýningunni þess eðlis. Þriðja sýningin birtist í nóvember. Hún nefndist *Sjómennska og samkomur* og var efni hennar fjölbreytt þó yfirskriftin gefi til kynna helstu þemu hennar. Síðasta sýning ársins birtist svo í desember og var það *Jólaortasýning*. Ljósmyndasafninu hefur í gegnum tíðina borist töluvert af jólaortum og þótti við hæfi á jólaföstunni að sýna sýnishorn af kortasafninu.

Í öllum sýningum ársins (að jólaortasýningunni frátalinni) voru myndir sem vantaði upplýsingar við (óþekkt fólk, tökuár, staður eða annað). Jafnan voru viðbrögð lesenda mjög góð og hafa borist ábendingar um flestar þær myndir sem upplýsingar skorti við.

Ritstjóri Austurgluggans leitaði á haustmánuðum eftir því að fá til birtingar í blaðinu óþekktar myndir úr Ljósmyndasafninu. Við þeirri beiðni var orðið og hefur ein mynd með óþekktu fólk birst í hverju tölublaði Austurgluggans síðan. Upplýsingar hafa borist um flestar myndirnar. Í Jólublaði Austurgluggans var svo ein síða lögð undir myndir úr Ljósmyndasafni Austurlands. Voru þær myndir af spariklæddum börnum frá ýmsum tímum.

Á vorönn sótti Arndís Þorvaldsdóttir, deildarstjóri ljósmyndasafnsins, Menntaskólann á Egilsstöðum heim samkvæmt beiðni þaðan og hélt myndasýningu (í power point-formi) fyrir hóp nemenda og kennara. Jafnframt fór Arndís með hliðstæða myndasýningu til Rotaryklúbbs Héraðsbúa.

Bókasafnið

Stjórn Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur kom saman til fundar í safnahúsinu á Egilsstöðum þann 28. júlí. Var þetta fyrsti fundur stjórnar síðan 5. nóvember 2004. Á fundinum lagði forstöðumaður fram skýrslu um bókakaup árin 2002-2007. Jafnframt lagði hann fram skýrslu um upphæðir bókakaupa fyrrgreind ár með tilliti til samnings um útreikning kvaðafjár frá árinu 2001. Stjórn bókasafnsins fól forstöðumanni að semja drög að útlánareglum fyrir bókasafnið sem og að móta innkaupstefnu þess. Þeirri hugmynd forstöðumanns að taka smárit, skýrslur og gamlar bækur í hillum safnsins og varðveita í öskjum var vel tekið af stjórn, en víða í bókahillum safnsins er farið að sneiðast verulega um pláss. Starf Beötu Fabian í nóvember létti mjög af hluta bókasafnsins. Henni tókst á einum mánuði að komast í gegnum helming bókasafnsins, taka út smárit, skýrslur og gamlar bækur setja í öskjur, skrá og merkja. Við þá vinnu skapaðist töluvert hillupláss. Mikilvægt er að ráðast verði í svipað starf með hinn helming safnsins hið fyrsta.

Núverandi forstöðumaður hefur ekki lokið gerð innkaupstefnu fyrir bókasafnið en þau viðmið sem hann hefur fylgt við innkaup, frá því hann tók við starfi, eru í stuttu máli eftirfarandi: Öll austfirsk útgáfa er keypt til safnsins, einnig er lögð er áhersla á fræðiefni, bæði bækur og tímarit, einkum á sviði hug- og félagsvísinda, heimspekigreina, bókmennta og trúarbragða.

Útlán bóka voru allnokkur á árinu. Snemma árs var tekin upp skráning útlána í bókasafnsforritinu Gegni. Bætur það mjög allt utanumhald um útlánin og þar með öryggi safnkostsins.

Nokkuð var um að bókasafninu bærust gjafir á árinu. Var bæði um að ræða bækur og tímarit, alls 55 eintök. Ekki var um að ræða stórar afhendingar heldur komu gjafir úr mörgum áttum og var töluverður hluti þeirra nýjar eða mjög nýlegar bækur.

Á aðalfundi fulltrúaráðs héraðsskjalasafnsins voru Magnús Þorsteinsson og Arndís Þorvaldsdóttir endurkjörin í stjórn bókasafnsins. Formaður stjórnar og fulltrúi gefenda er Halldór Arnason.

Lokaorð

Í upphafi árs 2008 tók sá sem þetta ritar til starfa sem nýr forstöðumaður héraðsskjalasafnsins. Vegna veikinda og síðar andláts forvera míns, Hrafnkels A. Jónssonar, hafði safnið verið án starfandi forstöðumanns frá haustinu 2006. Arndís og Guðgeir höfðu með aðstoð stjórnar safnsins unnið afar gott starf við að halda starfseminni gangandi í forföllum fyrrverandi forstöðumanns, en þau bættu á sig ýmsum skyldum forstöðumanns meðan hans naut ekki við. Þrátt fyrir það voru mörg verkefni sem blöstu við nýjum forstöðumanni í ársbyrjun. Ýmsum þeirra er nú lokið og önnur eru komin á rekspól. Núverandi forstöðumaður hefur í störfum sínum notið þess að hafa sér við hlið reynt samstarfsfólk sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á héraðsskjalasafninu og starfsemi þess og er ég þakklátur fyrir það.

Það vakti nokkra athygli starfsmanna safnsins að sjá það svart á hvítu hve mikill fjöldi gesta sótti safnið heim á árinu 2008. Að gestatala ársins færi nærri 1800 manns var meira en starfsfólk hafði gert sér grein fyrir þó reyndari starfsmenn safnsins telji að árið 2008 hafi þrátt fyrir allt ekki verið neitt metár hvað varðar fjölda gesta.

Af þeim mörgu verkefnum sem unnin voru í safninu á árinu 2008 var ekkert þeirra eins fyrirferðarmikið í starfseminni og manntalsskráningin sem unnin er á vegum Þjóðskjalasafns Íslands. Reynslan af því verkefni sýnir að það er mikilvægt fyrir safnið að leitast eftir að ná í utanaðkomandi verkefni og nýta þannig betur þá sérþekkingu sem til staðar er í safninu. Þátttaka í þessu verkefni þýddi fjölgun starfsfólks safnsins sem gerði vinnustaðinn um leið kröftugri. Segir það sig sjálf að allnokkrar breytingar verða á vinnustað þegar starfsmönnum fjölga úr þremur í fimm. Raunar hafa starfsmenn héraðsskjalasafnsins líklega aldrei verið fleiri en árið 2008 en alls störfuðu sjö manns hjá safninu á árinu, um lengri tíma eða skemmri tíma.

Eitt af stærstu verkefnum komandi ára er að kynna starfsemi safnsins betur fyrir íbúum Austurlands og gera þá betur meðvitaða um mikilvægi safnsins. Stórt skref til úrbóta í þessum málum var stigið með opnun nýrrar vefsíðu á árinu. Þó er ljóst að mikið verk er enn óunnið í þessum eignum.

Árið 2008 var viðburðaríkt í starfsemi héraðsskjalasafnsins. Það endurspeglast í þessari ársskýrslu sem ætlað er að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem unnið er í safninu. En þó margt hafi áunnist á undanförunum árum eru mörg verkefni framundan og ljóst að héraðsskjalasafnið þarf á öllu sínu að halda í glímunni við þau.

Hrafnkell Lárusson
forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga